

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum – 107 Oh.

Breytingin felur í sér fjölgun hesthúsa suðaustast á núverandi svæði. Þrjú ný hús munu standa við Freyjubakka ásamt því sem byggingarreitir þriggja eldri húsa stækka. Vistgötur eru skilgreindar, reiðstígur að norðan færast við Skiphól og stígur austast hliðrast vegna byggingarreita. Breytingar eru gerðar á byggingarskilmálum fyrir turn- og kvistbyggingar. Óveruleg breyting deiliskipulagsmarka til suðausturs. Gildandi skipulag var staðfest 30. mars 2016. Annað í skipulagi er óbreytt.

Gerplutorg í Gerplustræti – 302 Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér nýja lögun og notkun torgs austarlega í 1. áfanga Helgafells- hverfis. Lögun torgsins er breytt til þess að bæta aðgengi stórra bíla um svæðið. Nýr göngustígur skilgreindur þvert fyrir svæðið og þveranir bættar. Tvær hraðahindranir settar í Gerplustræti ásamt 21 nýju bílastæði við torgið sem nýtast bæði íbúum og gestum. Yfirborðsfrágangur skilgreindur sem grænn og dvalarsvæði staðsett vestast á torginu. Gildandi skipulag var staðfest 13. desember 2006. Annað í skipulagi er óbreytt.

Varmárvegur – fjölgun bílastæða – 302 Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér fjölgun bílastæða samsíða götu milli Uglugötu og Sölkugötu. Í botni Varmárvegar er bílastæðum snúið og þeim fjölgað. Gangstéttir og þveranir eru færðar nær götu og nýir stígar skilgreindir. Hraðahindrun er staðsett við gatnamót Varmárvegar, Snæfríðargötu og Uglugötu. Gildandi skipulag var staðfest 11. apríl 2007. Annað í skipulagi er óbreytt.

Sölkugata 16-22 – skipulagsmörk – 302 Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að deiliskipulagsmörk eldri breytingar eru þrengd og víkja eldri áætlanir innan skipulagsmarka fyrir annarri skipulagsbreytingu á Varmárvegi. Nýr uppdráttur sýnir breytt bílastæði. Sölkugata er að nýju gerð að botnlanga. Gildandi skipulag var staðfest 7. maí 2014. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 2. mars 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2021